

## REGLUGERÐ

### um (7.) breytingu á reglugerð um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 105/2020.

#### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, töluliður 11, svohljóðandi:

11. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/163 frá 12. desember 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að fella Cayman-eyjar og Jórdaníu brott úr töflunni í I. lið í viðaukanum, sem vísað er til í IX. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2018 frá 5. desember 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 25, 21. mars 2024, bls. 652.

#### 2. gr.

Listi yfir áhættusöm þriðju lönd, sem birtur er sem fylgiskjal við reglugerð nr. 105/2020, tekur breytingum til samræmis við þær breytingar sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar. Listinn er birtur sem fylgiskjal við reglugerð þessa þannig breyttur.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 56. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 4. apríl 2024.*

**Guðrún Hafsteinsdóttir.**

*Haukur Guðmundsson.*

**Fylgiskjal.****Listi yfir áhættusöm þriðju lönd,  
sbr. framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675.**

- I. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Afganistan
2	Barbados
3	Búrkína Fasó
4	Kamerún
5	Lýðveldið Kongó
6	Gíbraltar
7	Haítí
8	Jamaíka
9	Malí
10	Mósambík
11	Myanmar (Mjanmar)
12	Nígería
13	Panama
14	Filippseyjar
15	Senegal
16	Suður-Afríka
17	Suður-Súdan
18	Sýrland
19	Tansanía
20	Trínidad og Tóbagó
21	Úganda
22	Sameinuðu arabísku furstadæmin
23	Vanúatú
24	Víetnam
25	Jemen

- II. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa ákveðið að fara fram á tækniástoð við að innleiða aðgerðaáætlun fjármálaaðgerðahópsins, og sem eru auðkennd í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Þriðja land með mikla áhættu
1	Íran

III. Áhættusöm þriðju lönd þar sem er viðvarandi og veruleg hættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sem hefur ítrekað mistekist að ráða bót á greindum annmörkum, og sem auðkennd eru í opinberri yfirlýsingu fjármálaáðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Alþýðulýðveldið Kórea

B-deild – Útgáfudagur: 12. apríl 2024